

### Bygg (*Hordeum vulgare*)

Enska; Barley, danska; Almindelig Byg, norska; Bygg, sænska; Korn

#### Tegundalýsing og kjörlendur

Bygg er upprétt einær eða vetrareinær korntegund. Í Fóðurjurtum Gísla Kristjánssonar og Ingólfs Davíðssonar er tegundinni lýst þannig; "Blöðin breið og flöt, fremur snörp. Blaðoddurinn snúinn til hægri öfugt við odd á tappatogara. Greinilegar blaðtennur við grasblöðku-grunninn." Smáöxin eru legglaus í axi og eru neðri blómagnir með langri týtu. Bygg er annað hvort með sk tveggja- eða sexraða ax sem fer eftir fjölda lóðréttra raða af kynþroska smáöxum.

Bygg vex hér á landi eingöngu í ræktunarlandi þar sem því er sáð.

#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Bygg er fyrst og fremst ræktað hér á landi til kornþroska en einnig sem grænófóður til sláttar eða sem skjólsæði með grasfræi. Þá er farið að rækta bygg sem heilsæði og stundum í blöndu með vetrarrepju. Grænófóðurbygg má einnig rækta í blöndu með vetrarýgresi til að auka magn af gæðamikilli uppskeru. Hér á landi er eingöngu ræktað sumarbygg. Fóðurgildi grænófóðurbyggs er afar breytilegt og ræðst nánast eingöngu af þroskastigi þess við nýtingu og líkt í öðrum grösom fellur meltanleiki fódursins hratt eftir skrið. Bygg sem heilsæði er slegið í lok kornfyllingar en áður en kornið fer að þorna. Þannig má fá mikið magn fódurs af ha með viðunandi meltanleika. Grænófóðurbygg eða byggheilsæði getur gefið þurrefnisuppskeru á bilinu 5-12 þurrefnistonn á ha. Kornuppskera af byggi er venjulega á bilinu 2,5 til 6,0 þurrefnistonn á ha.



#### Ræktunarleiðbeiningar

Bygg til þroska er best að rækta í móajarðvegi eða í sendinni jörð sem hægt er að vinna snemma vors. Grænófóðurbygg má rækta í breytilegri jarðvegi. Bygg er mjög viðkvæmt fyrir sýrustigi jarðvegs sem þarf að vera hátt svo það fáist þrifist. Þúsund kornþyngdin er 35 – 55 g og er sexraða korn yfirleitt léttara en tveggja raða korn. Fullt sáðmagn er um 200 kg á ha. Í blöndu með öðru grænfóðri eða grasfræi er oftast miðað við hálfan skammt. Æskileg sáðdýpt er 2 -4 sm og sáðbeðið á að vera vel unnið (plægt, herfað og valtað). Bygg til þroska eða heilsæðis á að sá eins snemma vors og mögulegt er (lok apríl eða byrjun maí) og í þungu landi getur verið skynsamlegt að haustplægja. Bygg til grænfóðurs eða sem skjólsæði má sá seinna að vorinu og þá á öll jarðvinnsla að fara fram sem næst sáningu. Best er að raðsá byggi og það gefur uppskeruauka ef áburðinn er felldur niður í sádrásirnar. Upplýsingar um yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Upplýsingar um heppilega áburðarskammta má slá upp í Handbók bænda.



Sexraða grænófóðurbygg

Grænófóðurhafrar (vetrar)